

EFTIRLITSSKÝRSLA

MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS, SORPSAMLAG STRANDASÝSLU SKELJAVÍK

| | | | |
|---------------------|-------------------------|----------------------------------------|--------------|
| Dagsetning | 29.6.2011 | Fulltrúi UST | Sigrún |
| Fyrirtæki | Sorpsamlag Strandasýslu | Guðmundsdóttir | |
| Heimilisfang | Hafnarbraut Hólmavík | Starfsleyfi, gildir til | á undanþágu |
| Kennitala | 470786-1329 | til 15.6.2011 og drög að starfsl. | liggja fyrir |
| Isat nr. | 38.21.0 | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Starfsemi | geymsla og urðun | Fulltrúar fyrirtækis | Einar |
| úrgangs | | Indriðason, Stefán Jónsson | |
| | | Staðsetning starfstöðvar (hnit) | |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Framkvæmd urðunar var í lagi í Skeljavík. Tvö frávik eru staðfest þ.e. starfsleyfi er ógilt og neyðaráætlun hefur ekki verið gerð.

Þann 8. September sl. fékk Sorpsamlag Strandasýslu undanþágu frá starfsleyfi hjá Umhverfisráðherra sem gildir til 1. Júní 2012. Undanþágan er bundin þeim ákvæðum að staðurinn starfi skv. fyrri starfsleyfi sem gefið var út 15. maí 2006, ákvæði laga nr. 7/1998 og 55/2003, sem og reglugerðum settum skv. þeim.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir ákvæði starfsleyfis og reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs, þá helst er varðar meðhöndlun úrgangs og mengunarvarnir með Einari Indriðasyni, Stefáni Jónssyni, Hlyni Reynissyni og Antoni Helgasyni frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, Þá var aðstaða Sorpsamlagsins skoðuð og urðunarstaður í Skeljavík.

FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik 1:

Staðurinn var ekki með starfsleyfi þegar eftirlit fór fram þann 29. Júní 2011 en undanþága hans rann út þann 15. júní 2011.

Frávik frá: Grein 5 í lögum nr 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, en samkvæmt greininni skulu aðilar er meðhöndla úrgang hafa gilt starfsleyfi.

Ný undanþága fékkst þann 8. September 2011, sem rennur út 1. Júní 2012. Unnið er að nýju starfsleyfi fyrir staðinn.

Frávik 2:

Neyðaráætlun hefur ekki verið gerð fyrir urðunarstaðinn.

Frávik frá: Ákvæði 4.6, en samkvæmt því skal útbúa neyðaráætlun, ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri staðarins.

Reykjavík, 7.10.2011

Undirskrift eftirlitsaðila

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.